

11. fundur *Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara í mennta- og menningarmálaráðuneytinu* 11. janúar 2016, kl. 13-16.

Mættir

Sigurjón Mýrdal, Aðalheiður Steingrímisdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Björg Pétursdóttir, Björk Óttarsdóttir, Dagrún Hjartardóttir (kom fyrir Sigrúnu Grendal), Guðbjörg Ragnarsdóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Jón Torfi Jónasson, Kristín Valsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir, Sigurbjörn Marinósson, Þórður Kristjánsson og Sólrún Harðardóttir.

Eftirfarandi höfðu boðað forföll: Guðmundur Engilbertsson, Haraldur Á. Haraldsson, Ragnheiður E. Stefánsdóttir og Svanhildur M. Ólafsdóttir.

Dagskrá

1. Skýrsla fagráðsins
 - a. Uppbygging
 - b. Efni ákveðinna kafla
2. Fundur stýrihóps með ráðherra
3. Önnur mál

Sigurjón Mýrdal setti fundinn og bauð fólk velkomið. Hann fór yfir dagskrána og hið stóra verkefni sem framundan er, þ.e. skýrslugerð.

Skýrsla fagráðsins

Umræðan var í öllum hópnum, þ.e. ekki var skipt niður í minni umræðuhópa.

Varðandi vinnulag var rætt um að starfsmaður skrifaði og héldi utan um aðalplaggið og allt sem því viðkemur. Stýrihópur myndaði síðan ritnefnd. Einnig yrði leitað til fagráðsins og það ætti að geta fylgst með þróun skýrslunnar og komið með ábendingar. Skýrsludrögin munu birtast á vinnusvæði sem word-skjal og getur fólk þá hlaðið því niður og notað „track-changes“. Ábendingum er hægt að koma til Sólrúnar eða fulltrúa í stýrihópi.

Rætt um að fulltrúar fagráðsins hafi sannfærst um mikilvægi þess að fagráðið verði til áfram sem stefnumótandi samstarfsvettvangur. Skýrslan okkar fjallar um afrakstur vinnunnar á þessum þremur árum ráðsins. Það liggur í hlutarins eðli að ekki eru öll mál kláruð, enda væri þá ekki verið að leggja til framhald á starfi fagráðsins. Sum mál verða ekki kláruð og eins er vettvangurinn mikilvægur til að geta brugðist við því sem upp kann að koma.

Sólrún fór yfir yfirlitsmynd sem hún hafði sett upp af skýrslunni, efnisyfirlit og stuttar lýsingar á innihaldi kafla. Þetta skjal var sent út fyrir fundinn og er það á vinnusvæði fagráðsins. Síðan var farið nánar ofan í vissa kafla.

Varðandi markmið skýrslunnar og tilgang. Um er að ræða skýrslu fagráðsins sem er í samræmi við hlutverk þess (sbr. skipunarbréf og samstarfssamning). Skýrslan er fyrst og fremst til ráðherra en ætti að vera gagnleg öllum aðilum fagráðsins.

Varðandi kaflann um núverandi tilhögun var rætt um að leggja áherslu á að draga upp mynd af ástandinu eins og það er og síðan horfa á ný markmið.

Í tengslum við kafla um kennaramenntun og stoðkerfi var fjallað um greinargerð starfshóps um kennaramenntun. Greinargerðin er á vinnusvæði fagráðsins. Nokkrar ábendingar komu fram

varðandi orðalag. Rætt um að uppbygging stoðkerfis væri heilmikið verkefni og vel þurfi að fara yfir hlutina, kortleggja og forgangsraða. Hægt er að horfa á kennaramenntun af ýmsum sjónarhólum. Umræða í fagráði þótti mega vera fyrir ofan lög, reglugerðir og fjármál. Rætt um að kannski þyrftu tengsl á milli greinargerðarinnar og excel skjalanna sem fylgja að vera sterkari til þess að sem flest atriði væru skýr inni í myndinni. Í tengslum við tillögu um að líta á kennaramenntun sem starfsævilanga var því velt fyrir sér hvort viðfangsefni fagráðsins víkkaði út og tæki til kennaramenntunar frá A til Ö. Ekki voru allir endilega á einu máli um það.

Vakin var athygli á að athuga þyrfti sérstaklega tækifæri starfsmenntakennara til starfsþróunar þar sem grunnmenntun þeirra eru á framhaldsskólastigi.

Fjallað var um fram tíðarfagrád og formið á því. Fólk er á því að um sé að ræða stefnumótandi samráðsvettvang sem starfar í umboði ráðuneytisins. Rætt var um að fagráðið þyrfti ákveðinn og skýran stuðning, s.s. starfsmann, upplýsingaveitu o.fl. Fagrád sem er samstarfsvettvangur þarf ekki að vera lægra sett þótt það sé ekki stjórnvald. Ef það er skipað af ráðherra fær það meiri vigt. Fulltrúar í fagráði þurfa (og eru) að vera í góðu sambandi við baklandið. Þeir sækja þangað faglegt umboð og einnig hafa þeir áhrif í baklandinu í ljósi umræðu í fagráði. Æskilegt er að skipun í fagráðið sé svipuð og nú en til viðbótar kæmi fulltrúi skólameistara inn í það. Skynsamlegt þótti að leggja til í skýrslunni hvernig fagráðið væri samsett, að fagrád yrði skipað til framtíðar (ekki ákveðins tíma) en fulltrúar væru skipaðir til ákveðins tíma, t.d. þriggja ára.

Fjármál. Í skýrslu fagráðsins verður greint frá helstu niðurstöðum sem lesa má um í skýrslunni, *STARFSÞRÓUN KENNARA – greining á sjóðaumhverfi* og bent á atriði sem vinnuhópur um skýrsluna fjallaði um. Tillögur sem fagráðið leggur til munu kosta eitthvað. Starfsþróun kostar. Í skýrslu fagráðsins verða lögð til ákveðin skref sem vinna þarf með, en ekki er um að ræða skuldbindingar af hálfu nokkurs. Lagður var fram texti sem Aðalheiður, Ársæll, Svandís Ingimundardóttir og Þórður höfðu skrifað og hugsaður er inn í skýrsluna.

Stöðuskýrsla og fundur með ráðherra

Á morgun, 12. janúar, mun stýrihópur hitta Illuga Gunnarsson á fundi. Hann hefur fengið í hendur stöðuskýrslu nú við lok árs 2015. Sú skýrsla er nú á starfsthrounkennara.is (undir Fundargerðir og minnispointar). Rætt verður útfrá skýrslunni um starf fagráðsins, en stýrihópur sér svo fyrir sér að leggja áherslu á eftirfarandi umræðuefni:

- 1) framhald á störfum fagráðs og tillaga um að fagrád verði áfram til
- 2) sýn á kennaramenntun sem starfsævilanga menntun – skilningur á starfsþróunarhugtakinu
- 3) stoðkerfi starfsþróunar
- 4) fjármál og fjárstreymi í tengslum við starfsþróun.

Önnur mál

Minnt á að næsti fundur verður 19. febrúar.

Sólrún Harðardóttir fundarritari